



Kynning í Sjóminjasafninu Víkinni 24. maí 2011

Þó Íslendingar séu fámenn þjóð og landið ekki mjög stórt verður tæplega sagt að það eigi við þegar kemur að málefnum hafsins. Íslendingar ráða yfir fiskveiðilögsögu sem er um 760 þúsund ferkílómetrar að stærð, en aðeins 6 ríki í Evrópu ráða yfir stærri lögsögu. Innan lögsögunnar og á alþjóðlegu hafsvæði utan lögsögunnar er kerfi hafstrauma sem leggja grunn að öfluglu lífríki sem skapar aðstæður fyrir nokkra af stærstu fiskistofnum í Norður Atlantshafi. Þessir hafstraumar verða fyrir áhrifum loftslagsbreytinga og hafa einnig áhrif á loftslag. Þeir eiga þannig sinn þátt í að móta aðstæður okkar hér á landi. Rannsóknir á þeim, þróun þeirra og áhrifum þeirrar þróunar á lífríkið hefur gildi langt út fyrir landsteinana. Hafið í kringum Ísland hefur líka þýðingu þegar kemur að siglingum. Um það fara mestallir flutningar vöru til og frá landinu og alþjóðlegar siglingar um hafsvæðið með vörur og fólk hafa verið að aukast og eiga eftir að aukast enn frekar á næstu árum. Hafið mun svo í auknu mæli vera vettvangur ferðaþjónustu og afþreyingar og enn hefur lítið verið gert til að kanna

Sjávarklasinn er:

- samstarfsverkefni margra fyrirtækja í haftengdri starfsemi og hefur það að markmiði að bæta samstarf, auka verðmæti og efla skilning á mikilvægi þeirrar starfssemi sem undir Sjávarklasann falla.
- vistaður hjá Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands og felst verkefnið m.a. í að kortleggja alla starfsemi sem snýr að hafinu - allt frá hefðbundnum fiskveiðum og fiskvinnslu, rannsóknum og nýsköpun, til líftækni og hátækni framleiðslu, flutningastarfsemi, fjármálastarfsemi og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu.
- mikilvægur fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf, en fyrstu rannsóknir staðfesta ekki einungis mikilvægi og umfang þeirrar starfsemi sem undir sjávarklasann fellur heldur ekki síður þau áhrif sem aukið samstarf og uppbygging á þessu sviði getur skilað íslensku samfélagi til framtíðar.

hafsbotninn og þær auðlindir sem kynnu að leynast á honum eða undir honum.

Forysta í málefnum hafsins

Fyrir eyríki sem liggur út í miðju Norður-Atlantshafi, þar sem öll helstu þéttbýlissvæði liggja að sjó, hlýtur að vera nærtækt að líta til hafs og ekki er óeðlilegt að slík þjóð stefni á að skipa sér í forystusveit þeirra þjóða sem láta sig nýtingu og rannsóknir á hafinu varða. Á ýmsum sviðum gegna Íslendingar nú þegar ákveðnu forystuhlutverki þegar kemur að málefnum hafsins. Þetta á við þegar kemur að ýmsum hafréttarmálum, en Ísland var í fararbroddi strandþjóða heimsins með útfærslu sinni á efnahagslögsögunni í 50 sjómílur 1972 og í 200

sjómíður 1975. Þetta á einnig við þegar kemur að nýtingu fiskistofna og umgengni um þá auðlind. Íslenska rannsóknasamfélagið þykir einnig öflugt og íslenskir fiskifræðingar eru taldir í fremstu röð svo nokkur dæmi séu nefnd.

Þeir atvinnuvegir sem vaxið hafa hægt að bítandi upp í tengslum við útgerð og fiskvinnslu, sem eru að þjónusta greinina, hafa ekki fengið mikla athygli og lítið hefur verið fjallað um hvernig sjávarklasinn hefur þróast frá því að vera fyrst og fremst veiðar og vinnsla í það að vera grein sem samanstendur af veiðum og vinnslu og margháttuðum tækni-, þjónustu- og þekkingarfyrirtækjum. Þessi fyrirtæki hafa verið að eflast og styrkjast og sum hver hafa þróað nýjar aðferðir sem nýst hafa í sjávarútvegi og matvælavinnslu um allan heim.

Aukinn áhugi á klösum

Í framhaldi af rannsóknum í Háskóla Íslands hóf hópur fyrirtækja í haftengdri starfsemi samstarf árið 2010 um Sjávarklasann. Markmið hans er að efla vitund, áhuga og samstarf um íslenska sjávarklasann og móta stefnu um framgang hans og framtíð. Verkefnið er vistað hjá Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.

Sambærilegar klasarannsóknir hafa verið gerðar í nær öllum þeim löndum sem liggja að Norður-Atlantshafi. Ástæða aukins áhuga þessara landa á sjávarklösum er sú staðreynd að mikið verk er óunnið í tengslum við rannsóknir í hafinu og vöxtur í fiskveiðum í heiminum er talinn verða lítil sem enginn á næstu árum. Þeim mun brýnna er fyrir þjóðir sem stunda sjávarútveg að leiða hugann að því hvar vaxtarmöguleikar eru í greininni og öðrum greinum sem tengjast hafinu.

Noregur, Írland, Bretland og Kanada hafa öll sett sér stefnu um að vera í forystu á sviðum tengdum hafinu, eins og upplýsingatækni, líftækni, landgrunnsrannsóknum og fiskeldi. Slík vinna hefur ekki farið fram héraendis og stefnumörkun á þessu sviði er rýr.

Íslenski sjávarklasinn

Myndin hér að neðan sýnir sjávarklasann á Íslandi og ólíkar greinar hans. Íslenska sjávarklasaverkefnið hefur að markmiði að kortleggja alla þá starfsemi sem snýr að hafinu í



kringum Ísland allt frá hefðbundnum fiskveiðum og fiskvinnslu, rannsóknum og nýsköpun, til líftækni og hátækniframleiðslu, flutningastarfsemi, fjármálastarfsemi og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu.

Þá verður sérstaklega horft til erlendra starfsemi sem tengist íslenska sjávarklasnum. Hér er átt við margháttaðan rekstur klasans erlendis sem samanstendur af rekstri hátæknifyrirtækja, fiskréttaverksmiðja, markaðsfyrirtækja, fiskeldis, sérhæfðra fjármála- og flutningafyrirtækja, útgerða o.fl. Í þessari starfsemi kunna að liggja fjölmörg tækifæri fyrir íslenska sjávarklasann.

Mikilvægi þess að kortleggja sjávarklasann felst ekki síst í því að sýna tengsl ólíkra greina innan hans og um leið að benda á möguleika og tækifæri til enn frekara samstarfs sem getur aukið verðmætasköpun. Í þeim gögnum, sem aflað hefur verið, kemur skýrt fram hvernig samstarf sjávarútvegs og tæknifyrirtækja hefur skilað sér í tugum sjálfstæðra tæknifyrirtækja í sjávarklasnum sem stunda eigin útflutning.

Þegar heildarniðurstöður úr verkefninu um Sjávarklasann liggja fyrir í upphafi næsta vetrar er von þeirra sem að þessu verkefni standa að það megi veita áhugaverðar upplýsingar um íslenska sjávarklasann. Stefnt er að því að sýna heildarumfang hans, veita nýja innsýn í áhrif þessa klasa á íslenskt efnahagslíf og meta þau vaxtatækifæri sem felast í klasanum.

Helstu niðurstöður:

Á síðustu 12 mánuðum hefur verið unnið að margháttuðum verkefnum í sjávarklasnum en veigamesta vinnan hefur falist í að kortleggja alla starfsemi í klasanum. Sú vinna hefur gengið vel og hefur þegar verið haft samband við rúmlega 200 fyrirtæki til að afla upplýsinga um starfsemi þeirra. Eftirfarandi eru nokkrar af þeim niðurstöðum sem fram hafa komið í vinnu við rannsóknir á íslenska sjávarklasnum.

- Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um ríflega 700 fyrirtæki sem starfa í sjávarklasnum á Íslandi. Samkvæmt þeim athugunum sem þegar liggja fyrir eru starfsmenn í klasanum ríflega 12 þúsund talsins og gera má ráð fyrir að óbein störf sem tengjast klasanum séu um 18 þúsund
- Veiðamesti partur sjávarklasans er sjávarútvegur (fiskveiðar og fiskvinnsla). Fengnar hafa verið upplýsingar um innlend aðfangakaup nokkurra sjávarútvegsfyrirtækja sem samanlagt eru með tæp 20% aflahlutdeildar. Aldrei áður hefur verið gerð jafn ítarleg athugun á aðfangakaupum sjávarútvegsfyrirtækja og áhrifum á umfangi þeirra á ólíkar atvinnugreinar í landinu. Samkvæmt þeim rannsóknum, sem gerðar hafa verið, má rekja tæplega 19% landsframléiðslunnar til umsvifa íslensks sjávarútvegs eða sem nemur rösklega 290 milljörðum króna. Ýmis iðnaður eins og málmsmiði eiga mest undir viðskiptum við sjávarútvegsfyrirtæki eða sem nemur tæplega 51%. Umboðsverslun á 27% sinnar veltu undir sjávarútvegi, orkufyrirtæki um 15%, samgöngu- og flutningastarfsemi 5-10%.
- Efla má samstarf innann hefðbundinna greina sjávarklasans en ekki síður milli nýrra og eldri greina. Árangur af slíku samstarfi má m.a. sjá í samstarfi tæknifyrirtækja og sjávarútvegsfyrirtækja þar sem það samstarf hefur skilað sér í öflugum tæknifyrirtækjum um allt land. Öll tæknifyrirtæki í sjávarklasnum hafa verið skráð og haft samband við nær öll þeirra. Um 70 fyrirtæki eru starfrækt á landinu sem stunda útflutning á eigin vörumerki í búnaði fyrir sjávarútveg, fiskeldi eða fiskvinnslu. Velta þessara fyrirtækja nam 26 milljörðum árið 2010 og starfsmenn þeirra eru um 1000 talsins, mestmegnis tæknimenntað fólk. Flest þessara fyrirtækja eru afrektor þáins samstarfs sjávarútvegs og tæknifyrirtækja í

Fyrirhugað er að kynna skýrslu um umfang og áhrif alls íslenska sjávarklasans í upphafi næsta vetrar og á Sjávarútvegsráðstefnunni í september. Þá verða kynntar tillögur um hvernig megi efla samstarf innan klasans til að styrkja nýja sprota í geiranum og auka gróskuna í þessum stærsta klasa í íslensku atvinnulífi.

Íslenski sjávarklasinn er máttarstólpi íslensks efnahagslífs og hann getur verið ein helsta uppistaða velmegunar og nýrra og fjölbreyttra tækifæra fyrir komandi kynslóðir Íslendinga. Með því að varpa nýju ljósi á þennan mikilvæga klasa, sýna hversu fjölbreyttur hann er og hve mörg ný tækifæri liggja í nýsköpun, rannsóknum og margháttaðri starfsemi tengdri Íslenska sjávarlasanum, þá er lagður grunnur að auknum áhuga og stefnumótun á þessu sviði sem nýst getur við uppbyggingu Íslands.